

Fimmtudaginn 6. júlí 1989.

Nr. 266/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Guðna Elíassyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttar-dómari.

Varnaraðili hefur hinn 30. júní 1989 samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, kært til Hæstaréttar gæsluvarðhaldsúrskurð sakadóms Reykjavíkur sama dag. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. júní 1989.

Ár 1989, föstudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómarara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í dag var kveðinn upp dómur í máli ákærvaldsins gegn Guðna Elíassyni, Nóatúni 30 hér í borg, fæddum 30. janúar 1961. Var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa með ofbeldi þröngvað X, fæddri, til holdlegs samræðis við sig að hér í borg aðfaranótt 9. apríl sl. og brotið talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Er dómþola var birtur dómurinn í dag, lýsti hann yfir því, að hann óskaði áfrýjunar.

Dómþoli hefur sætt gæsluvarðhaldi óslitið síðan 9. apríl sl.

Af hálfu ríkissaksóknara er gerð krafa til þess, að dómþoli sæti gæsluvarðhaldi áfram til uppkvaðningar endanlegs dóms í málinu, en þó eigi lengur en til 1. mars 1990 kl. 17.00, og vísar hann til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 í því sambandi.

Dómþoli hefur mótmælt kröfunni, þ.m.t. tímalengd hennar.

Með hliðsjón af framangreindum dómi og vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu ríkissaksóknara til greina, en þó þannig, að dómþoli sæti gæsluvarðhaldi eigi lengur en til miðvikudags 3. janúar 1990 kl. 17.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gæsluvarðhald Guðna Elíassonar framlengist til uppkvaðningar hæstaréttardóms í máli þessu, en þó eigi lengur en til miðvikudags 3. janúar 1990 kl. 17.00.
